



14. fundur stjórnar Aftureldingar 2. febrúar 2011

Fundur settur kl. 17:15 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason og Jón Pálsson. Helga Jóhannesdóttir og Sævar Kristinsson höfðu boðað forföll. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Sigurður Guðmundsson íþróttafulltrúi sat fundinn undir 1. og 2. lið

- 1) Aðstöðumál
- 2) Gervigras
- 3) Samningar við Mosfellsbæ.
- 4) Samningur knattspyrnudeildar við Liverpool fc.
- 5) Starfsskýrsla til UMSK

1. Aðstöðumál. Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá fundi sem þeir áttu með stjórn fimleikadeildar og íþróttafulltrúa Mosfellsbæjar fyrir stjórnarfundinn. Á þeim fundi lagði stjórn fimleikadeildar fram kostnaðaráætlun fyrir þann búnað sem þau telja nauðsynlegan til að koma upp viðunandi aðstöðu fyrir trompfimleika. Áætlunin hljóðar upp á 20 til 25 milljónir. Aðalstjórn mun óska eftir forgangsröðuðum búnaðarlista frá stjórn fimleikadeildar. Aðalstjórnin ítrekar áherslu sína á að umræða um forgangsröðun þeirra verkefna sem einstakar deildir telja mikilvæg fari fram á breiðum grundvelli innan félagsins. Stjórn UMFA ítrekaði þær óskir sínar við íþróttafulltrúa, sem áður hafa verið bornar fram við bæjaryfirvöld, að allar ákvarðanir um framkvæmdir og aðstöðumál á Varmá séu teknar í góðu samráði við félagið.
2. Gervigras. Sigurður íþróttafulltrúi skýrði verklag sem tók gildi varðandi snjóbræðslu á gervigrasi í byrjun janúar 2011. Hann upplýsti að hitastýring fer fram með sama hætti og á völlum í Reykjavík. Vallarstjóri hefur umsjón með stýringunni og hefur hann sótt námskeið og verið í sambandi við umsjónarmann gervigrasvalla Reykjavíkur. Vegna samanburðar við velli í nágrenninu, Grafarvogi og Árbæ, benti íþróttafulltrúi á að úrkoma er meiri í nágrenni við fell og fjöll í Mosfellsbæ en þar, svo samanburður á afköstum snjóbræðslu eigi ekki alltaf rétt á sér. Ljóst er að einhverja daga á ári geta aðstæður orðið þannig að óyfirbyggður völlum sé ekki hæfur til knattspyrnuíðkunar. Vegna sögusagna um að lagnir undir vellinum hafi ekki verið rétt lagðar var upplýst að þær voru allar lagðar skv. forsögn framleiðanda. Upplýst var á fundinum að einhverjir aðilar hefðu farið inn á völlum á bíl síðastliðið föstudagskvöld til að skafa völluminn. Það var einróma skoðun stjórnar að með öllu sé ólíklegt að þannig sé farið með eigur bæjarbúa og mun aðalstjórn óska eftir því við stjórn knattspyrnudeildar að þetta mál verði tekið sérstaklega fyrir innan deildarinnar og þess gætt að slíkt hendi ekki oftar.

3. Samningar við Mosfellsbæ. Samningaviðræður við bæinn halda áfram og verður fundur á þriðjudag í næstu viku. Á þeim fundi munu samningamenn, formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri, hafa með í farteskinu niðurstöður formannafundar um sóknarfæri frá 24. nóvember og kynna fyrir bæjaryfirvöldum.
4. Samkomulag knattspyrnudeildar við Liverpool fc. Aðalstjórn fagnar því frumkvæði sem knattspyrnudeild sýnir með því að efna til samstarfs við stórt lið í ensku knattspyrnunni um knattspyrnskóla. Aðalstjórn mun kalla eftir upplýsingum frá knattspyrnudeild um fyrirkomulag þessa samstarfs og fjárhagsáætlun sem verði kynnt fyrir stjórninni áður en endanlegt samkomulag verður undirritað.
5. Starfsskýrsla til UMSK Farið var yfir væntanlegt innihald skýrslunnar sem skila á fyrir þing UMSK sem haldið verður 10. febrúar næstkomandi.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 16. febrúar kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar